

8. fundur stjórnar AP, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík mánudaginn 20. maí 2019 kl. 17:50.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóna Björg Arnarsdóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Vegna forfalla formanns í upphafi fundar setti varaformaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir, fundinn og stjórnaði honum undir 1) dagskrárlið.

1. Ársreikningur 2018

Fyrir liggur ársreikningur 2018 endurskoðaður af PwC og áritaður án athugasemda, ásamt endurskoðunarbréfi. Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru 63,0 mkr. og rekstrargjöld 63,7 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 675 þús. og hagnaður ársins að teknu tilliti til tekjuskatts kr. 22 þús. Eignir í árslok voru 38,5 mkr., þar af eru fastafjármunir 3,6 mkr., handbært fé 15,5 mkr. og viðskiptakröfur 19,3 mkr. en þær eru óvenju háar vegna verkefnatekna ársins en greiðslur vegna þeirra bárust eftir áramót á grundvelli lokaskýrslna um verkefni.

Að yfirferð lokinni staðfesti stjórnin ársreikninginn og undirritaði hann.

Formaður tók nú við stjórn fundarins.

2. Skipulag aðalfundardags

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að sameiginlegum vinnudegi stjórnar atvinnuþróunarfélagsins og Þekkingarnets Þingeyinga í tengslum við aðalfundinn. Gert er ráð fyrir að stjórnirnar eigi samtal ásamt starfsmönnum og gestum um byggðarannsóknir og byggðaðróun á starfssvæðinu. Að því loknu verði hvatningarverðlaun atvinnuþróunarfélagsins veitt og deginum ljúki svo með ársfundi sjálfseignarstofnunarinnar.

3. Önnur mál

- Jóna Björg Hlöðversdóttir spurði um framvindu vinnu starfshóps um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna. Formaður greindi frá því að efnisleg vinna væri ekki hafin en unnið hefði verið að fjármögnun og hún tryggð í gegnum Eyþing. Þá hefðu verið ráðnir ráðgjafar að verkinu, fyrirtækið Strategía.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að ákveðið hafi verið að ganga til samninga við Ólaf Áka Ragnarsson um starf verkefnisstjóra byggðaeftlingarverkefnisins við Bakkaflóa – *Betri Bakkafjörður*, en alls bárust sjö umsóknir um starfið en einn umsækjenda dró umsókn sína til baka.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40